

REGLUGERÐ

um bann við veiðum á sæbjúgum í Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 18. júlí 2019 eru allar veiðar á sæbjúgum óheimilar á veiðisvæði í Faxaflóa sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

1. 64°06,00' N – 22°18,00' V
2. 64°06,00' N – 22°49,20' V
3. 64°21,00' N – 22°49,20' V
4. 64°21,00' N – 22°18,00' V
5. 64°06,60' N – 22°18,00' V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi og fellur úr gildi 31. ágúst 2019.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. júlí 2019.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Erna Jónsdóttir.